

Nd.

207. Frumvarp til laga

[100. mál]

um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Flm.: Jón Sigurðsson, Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Bjarnason,
Jón Gíslason, Ásgeir Ásgeirsson, Sigfús Sigurhjartarson.

1. gr.

Meðan innflutningur og gjaldeyrisviðskipti eru háð ákvörðunum ríkisvaldsins, ákveður ríkisstjórnin eða sá aðili, er fer með þessi mál fyrir hennar hönd, tölu þeirra jeppabifreiða eða annarra slikra bifreiða, sem heimilt er að flytja til landsins til landbúnaðarþarfa ár hvert. Með innflutningi þessum skal að því stefnt að fullnægja, svo fljótt sem verða má, þörfum bænda fyrir þessar bifreiðar og að nægur forði af varahlutum til þeirra sé ávallt fyrirleggjandi í landinu. Gjalddeyris- og innflutningsleyfi fyrir þessum bifreiðum skal bundið því skilyrði, að innflytjandi afhendi þeim, er öðlazzt hafa kauprétt samkv. lögum þessum, bifreiðarnar fyrir hæfilegt verð, að dómi verðlagsfirvaldanna.

2. gr.

Úthlutun þeirra bifreiða, er um ræðir í 1. gr., annast 5 manna nefnd. Skulu 2 þeirra kosnir af stjórn Búnaðarfélags Íslands, 2 af stjórn Stéttarsambands bænda og einn af landbúnaðarnefndum Alþingis. Kosning þeirra gildir til 2 ára. Nefndin kys sér sjálf formann. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af hlutaðeigandi aðilum í réttu hlutfalli við þátttöku þeirra í nefndinni.

3. gr.

Bifreiðar, sem nefndin fær til ráðstöfunar, má hún aðeins afhenda bændum eða mönnum, er starfa að búum þeirra og í félagi við þá og eru heimilisfastir í sveitinni og stofnunum landbúnaðarins og starfsmönnum þeirra, skógrækt og sandgræðsla með talin, sem verða vegna starfa sinna í sveitunum að ferðast mikið með bifreiðum. Tala þeirra bifreiða, sem afhentar eru stofnunum og starfsmönnum þeirra, má þó ekki fara yfir 1/25 af úthlutaðri bifreiðatölu hverju sinni, nema nefndin gjaldi því samhljóða jákvæði.

4. gr.

Nefndin aflar sér árlega svo áreiðanlegra upplýsinga sem föng eru á um tölu þeirra býla á landinu, er geta haft full not jeppabifreiða til flutninga að og frá heimilum sínum meiri hluta ársins. Að fengnum þessum upplýsingum og tilkynningu gjaldeyrisfirvaldanna um væntanlegan innflutning jeppabifreiða á árinu, tekur nefndin ákvörðun um skiptingu bifreiðanna milli sveitarfélaga. Við skiptin skal þess gætt, að bifreiðarnar skiptist milli búnaðarfélaganna í sem réttustu hlutfalli við

tölu þeirra búenda í hverju búnaðarfélagi, sem geta haft bifreiðanna not, eins og áður er sagt, enda sé þá tekið fullt tillit til þeirra jeppabifreiða, sem áður hefur verið úthlutað. Að skiptum loknum tilkynnir nefndin formönnum búnaðarfélaganna tölu þeirra bifreiða, sem væntanlega koma til úthlutunar í félagið á því ári.

5. gr.

Stjórnir hreppabúnaðarféлага taka á móti umsóknum bænda um jeppabifreiðar, hver af sínu félagssvæði. Nú berast búnaðarfélagsstjórn umsóknir um fleiri jeppabifreiðar en úthlutað verður í hreppinn á því ári, og gerir hún þá tillögu um, hverjum af umsækjendum hún vill mæla með að því sinni, og sendir tillöguna að því búnu ásamt rökstuddri greinargerð fyrir henni til úthlutunarnefndar. Verði búnaðarfélagsstjórn ekki á eitt sátt, er minni hlutanum heimilt að senda einnig tillögur sínar ásamt greinargerð fyrir þeim til nefndarinnar.

6. gr.

Stjórnir hreppabúnaðarféлага skulu leitast við í tillögum sínum um úthlutun jeppabifreiða að fylgja eftirgreindum reglum:

1. Að þeir einir komi til greina, er geta haft full not bifreiðarinnar til flutninga að og frá heimilum sínum meiri hluta ársins.
2. Að bændur gangi fyrir öðrum hreppsúum.
3. Að þeir bændur sitji í fyrirrúmi, er afskekktast búa eða eiga lengsta leið á þjóðveg.
4. Að öðru jöfnu skulu þeir ganga fyrir, sem mesta hafa flutningaþörfina.
5. Nú er ekki teljandi mismunur á aðstöðu umsækjenda samkvæmt 2. og 3. lið, og skal þá láta 2 eða fleiri bændur, sem sameinast um eina bifreið, ganga fyrir einstaklingum.

Óheimilt er að úthluta jeppabifreiðum til þeirra, sem áður hafa fengið slíkar bifreiðar við úthlutun, eiga keyrslufæra fólksbifreið eða hafa keyrslufæra fólksbifreið á heimili sínu. Nú hefur sveitarheimili keyrslufæra vörubifreið, og kemur það heimili því aðeins til greina við úthlutun, að ekki liggja fyrir umsóknir frá öðrum, er hafa óskoraðan rétt til úthlutunar jeppabifreiða.

7. gr.

Þegar úthlutunarnefnd hafa borizt tillögur frá stjórnnum hreppabúnaðarfélaganna og hefur athugað þær ásamt öðrum upplýsingum, ef fyrir liggja og að þessu líta, úthlutar hún bifreiðunum samkv. þeim reglum, er um ræðir í 6. gr. Að lokinni úthlutun sendir nefndin stofnunum landbúnaðarins og stjórnnum hreppabúnaðarféлага tilkynningu um, hverjir af umsækjendum þeirra fá úthlutað jeppabifreið. Óheimilt er að afhenda bifreið fyrr en úthlutunarnefnd hefur borizt skrifleg yfirlýsing frá stjórn hlutaðeigandi stofnunar eða búnaðarfélags um, að hún skuldbindi sig að hlutast til um, að eigandi bifreiðarinnar hlíti fyrir mælum laganna í öllum greinum, og tilkynna nefndinni, ef út af ber.

8. gr.

Bifreiðar, sem úthlutað er til landbúnaðarstofnana eða starfsmönnum þeirra samkv. 3. gr., er óheimilt að selja án samþykkis úthlutunarnefndar. Nú hættir slíkur starfsmaður störfum hjá félaginu eða stofnuninni, er hann hefur unnið hjá, og skal hann þá afhenda bifreiðina þeim aðila, er útvegaði honum bifreiðina, nema úthlutunarnefnd heimili annað eftir tillögum hlutaðeigandi forstöðumanns eða félagsstjórnar.

Aðrar jeppabifreiðar, sem úthlutað er samkv. ákvæðum laga þessara til afnota í ákveðnum sveitarfélögum, er óheimilt að selja, gefa eða flytja burt úr hreppnum án samþykkis stjórnar hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem hlutast til um, að bifreiðin sé áður auglýst til kaups fyrir hreppsúa.

Nú vilja hreppsþúar ekki kaupa bifreiðina, og skal eigandi þá bjóða hana úthlutunarnefnd til ráðstöfunar, enda ábyrgist hún honum andvirði bifreiðarinnar. Vilji nefndin ekki sinna boði seljanda, eða honum hefur ekki borizt svar frá nefndinni mánuði eftir að víst er, að tilboðið barst henni í hendur, er eiganda heimilt að ráðstafa bifreiðinni.

Jeppabifreiðar, sem um ræðir í lögum þessum, má ekki selja yfir kostnaðarverði að frádreginni hæfilegri fyrningu og skemmdum á bifreiðinni, ef einhverjar eru.

9. gr.

Nú þykir augljóst, að kaupandi, sem fengið hefur jeppabifreið fyrir atbeina úthlutunarnefndar, hefur notað sér yfirvarp til að eignast hana, þ. e. notar hana t. d. ekki á heimili sínu eða í sambandi við starf sitt eða atvinnurekstur, og ber nefndinni þá að krefjast þess, að bifreiðinni verði skilað aftur til nefndarinnar.

10. gr.

Bifreið, sem ráðstafað hefur verið gagnstætt ákvæðum laga þessara, skal afhent úthlutunarnefnd gegn upphaflegu kostnaðarverði að frádreginni fyrningu og skemmdum, er dómkvaddir menn meta.

11. gr.

Stjórnnum hreppabúnaðarféлага ber skylda til, hverri á sínu félagssvæði, að fylgjast með því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og tilkynna úthlutunarnefnd, ef út af ber, en úthlutunarnefnd hlutast til um rannsókn málsins.

12. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja með reglugerð samkvæmt tillögum úthlutunarnefndar ákvæði, er tryggi réttláta dreyfingu stærri og minni dráttarvéla til landbúnaðarþarfa.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð varða sektum frá 200—10000 kr.

Greinargerð.

Með því að vonir standa til, að fyrir atbeina Alþingis og ríkisstjórnarinnar verði hafinn að nýju innflutningur og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa, þykir flutningsmönnum þessa frv. tímabært, að Alþingi setji fyrirmæli um nokkur atriði, er máli skipta í þessu sambandi. Með frv. er að því stefnt að tryggja eftir föngum:

1. Að ávallt séu fyrirliggjandi nægar birgðir af varahlutum til þessara bifreiða.
2. Að bifreiðarnar skiptist milli búnaðarféлага um land allt.
3. Að þeir eigi fyrst og fremst kost á að fá bifreiðarnar, sem líkur eru til, að hafi þeirra mesta þörfina og notin.
4. Að bifreiðarnar haldist til frambúðar í sveitunum.
5. Að koma í veg fyrir brask og okursölu á þessum samgöngutækjum sveitanna.